



Langanesbyggð



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Langanesbyggð
velliðan fyrir alla

Fundargerð 3. fundar stýrihóps um heilsueflandi sveitarfélag í Langanesbyggð (HSAMLnb), haldinn 21. september 2018, að Fjarðarvegi 3. Fundurinn hófst kl. 14.

Mættir: Anna Lilja Ómarsdóttir, Ásdís Hrönn Viðarsdóttir, Sigríður Friðný Halldórsdóttir og Jónas Egilsson skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Ný nefnd

Samþykkt að Sigríður Friðný Halldórsdóttir myndi leiða vinnu hópsins í samvinnu við skrifstofustjóra.

2. Jafningafræðsla fyrir unglinga

Samþykkt samhljóða að leggja til kr. 100.0000 af fjárveitingu Langanesbyggðar til heilsueflandi samfélags á þessu ári, til jafnfræðsluverkefninu „Fokk-me-fokk-you.“ Auk þess kemur kr. 60.000 styrkur frá foreldrafélagi Grunnskólans á Þórshöfn vegna sérstakrar foreldrafræðslu. Kynning verður haldin í skólanum fyrir 7. til 10. bekk á skólatíma. Fyrirlesarar verða: Andrea Marel Þorsteinsdóttir og Kári Sigurðsson. Kynningin er skipulögð í samvinnu við Vopnafjarðarhrepp.

3. Undirbúningur næsta árs o.fl.

a. Verkefni, sbr. samþykkt. 79. fundar sveitarstjórnar

Rætt um framhald, tengsl við skóla, barna og foreldra og þessi tengsl þurfi að efla, hreyfingarleysi og óvirkni atvinnulausra o.fl. Samþykkt að leggja fyrir næsta fund tillögum að verkefnum.

b. Upprifiun á stöðu verkefna og samstarfsmöguleikum

Punktur frá síðasta fundi rædd að nýju. Rætt um samstarf við vinnustaði í byggðarlaginu o.fl. Ákveðið að taka saman lista yfir þau verkefni sem eru þegar í gangi eða hafa verið sett af stað. Einnig ákveðið að stefna að fundum með fyrirtækjum og félagasamtökum á Þórshöfn og nágrenni um samstarfsverkefni til að auka félagslega virkni á svæðinu.

c. Aðgangur að heilsueflandi.is

Samþykkt að fá aðgang að heimasíðu verkefnisins.

4. Næsti fundur og önnur mál

Næsti fundur ákveðinn 26. október nk. Samþykkt að halda fundi 3ja föstudag í hverjum mánuði kl. 14.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:05.